

43. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, aukafundur, Végarði 29. 04 2020, kl. 8:00

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins var í fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti gerði grein fyrir ráðningarferlinu. Fram kom að átján umsóknir hefðu borist á umsóknarfrestinum sem lauk þann 8. apríl sl. en ein umsókn hefði verið dregin til baka. Yfirlit um nöfn og starfsheiti umsækjenda hafi verið birt á vef sveitarfélagsins þann 20. apríl sl. í samræmi við 1. tl. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga. Eftir að umsóknargögn hefðu verið yfirfarin hefðu viðtöl við alla umsækjendur verið tekin dagana 23.-24. apríl í gegnum fjarfundabúnað, að viðstaddri fullskipaðri sveitarstjórn.

Umsóknargögn og samantektir um þau og samantekt um viðtöl við umsækjendur liggja fyrir og hafa verið yfirfarin af sveitarstjórn. Eftir umræður um tilgreind gögn og gerði oddviti tillögu um að gengið yrði til samninga við Helga Gíslason um ráðningu í starf sveitarstjóra Fljótsdalshrepps.

Tillagan var samþykkt einróma og var oddvita falið að tilkynna Helga Gíslasyni um niðurstöðuna, auk þess að tilkynna hana öðrum umsækjendum.

Jafnframt var oddvita að höfðu samráði við lögmann sveitarfélagsins falið að ganga frá ráðningarsamningi við Helga Gíslason.

Tilkynning um val á sveitarstjóra verður birt á heimasíðu Fljótsdalshrepps, föstudag 30. apríl.

Fundi slitið klukkan 9:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)